

Byggðasafn Skagfirðinga	kr.	165.000,00
KFUM í Reykjavík	kr.	150.000,00
Sóknarnefnd Stóra-Áss kirkju	kr.	140.000,00
Kvæðamannafélagið Iðunn	kr.	120.000,00
Landsbókasafn Íslands	kr.	100.000,00
Sögufélagið	kr.	110.000,00
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	kr.	210.000,00
Veiðistjóraembætti Reykjavíkur	kr.	135.000,00
Náttúruverndarráð	kr.	160.000,00
Fuglaverndarfélag Íslands	kr.	60.000,00

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Þjóðhátíðarsjóð hefur stofnunin endurskoðað.

Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 1993 og efnahagsreikningi 31. desember 1993 ásamt skýringum 1-2.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1993 og efnahag 31. desember 1993.

Ríkisendurskoðun, 8. júní 1994.

Sigurður Þórðarson.

Áritun endurskoðenda

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Reykjavík, 15. júní 1994.

Hulda Valtýsdóttir.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.
Ásgerður Bjarnadóttir.

Björg Einarsdóttir.
Björn Teitsson.

Sveinbjörn Hafliðason.

11. júlí 1994

Nr. 410

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu veitta af gæðasviði Fiskistofu.

1. gr.

Fiskistofa skal taka gjald fyrir vinnsluleyfi sem gefin eru út til vinnsluleyfshafa á grundvelli 12. gr. laga nr. 93/1992.

Gjaldið skal vera eins og hér segir:

A.

- | | | |
|---|-----|--------|
| 1. Grásleppustöðvar | kr. | 5.000 |
| 2. Fiskgeymslur | kr. | 15.000 |
| 3. Salfisk-, síldarsöltunar-, skreiðarstöðvar og skelfiskvinnslur | kr. | 20.000 |
| 4. Fiskimjölsverksmiðjur, fiskmarkaðir og lagmetisverksmiðjur | kr. | 35.000 |
| 5. Frystihús og vinnsluskip | kr. | 50.000 |

B. Fyrir vinnsluleyfi til fiskiskipa skal gjaldið vera eins og hér segir:

- | | | |
|--|-----|--------|
| 1. Fiskiskip 10 brúttórúmllestir eða minni | kr. | 5.000 |
| 2. Fiskiskip stærri en 10 brúttórúmllestir en minni en 50 | kr. | 10.000 |
| 3. Fiskiskip stærri en 50 brúttórúmllestir en minni en 200 | kr. | 15.000 |
| 4. Fiskiskip stærri en 200 brúttórúmllestir | kr. | 30.000 |

Gjald fyrir vinnsluleyfi samkvæmt þessari grein skal innheimta við afhendingu leyfisins.

2. gr.

Fiskistofa skal taka gjald fyrir útgáfu útflutningsvottorða. Gjald fyrir hvert vottorð skal vera kr. 500. Gjaldið skal innheimta við afhendingu vottorðsins.

3. gr.

Gjald Fiskistofu fyrir útselda vinnu vegna sérfræðistarfa eða mats á afurðum skal vera kr. 2.500 fyrir hverja klukkustund.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 58/1994. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 411

15. júlí 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993.

1. gr.

Í stað „15. júlí 1994“ í 2. málsgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. reglugerð nr. 296 31. maí 1994, komi: 31. desember 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júlí 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Guðni Karlsson.